

# Ferli í kringum heiðursfélaga Ský

## Tilnefningar – vinnureglur:

Heiðursfélagar Ský skulu tilnefndir fyrir óeigingjarnt starf fyrir félagið og/eða brautryðjendastarf í upplýsingatækni á Íslandi.

Velja skal heppilegan tímapunkt til að gera viðkomandi að heiðursfélaga s.s. á seinni hluta ævistarfs.

Halda skal sérstaka skrá innan félagsins þar sem safnað er saman nöfnum yfir hugsanlega heiðursfélaga. Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á að uppfæra skrána amk. árlega þegar farið er yfir hvort tilnefna eigi á næsta aðalfundi. Þannig er tryggt að viðkomandi gleymist ekki né heldur afrek hans þó langur tími líði frá því fyrst kom til tals að heiðra hann/hana eða mannaskipti verði í forystu félagsins.

## Aðalfundur:

Á dagskrá aðalfundar skal vera sérstakur liður um heiðursfélaga (þarfnast breytinga á félagssamþykktum). Undir þeim lið skal eftir því sem við á fjalla um eftirfarandi:

Tilnefning nýrra heiðursfélaga ásamt rökstuðningi tilnefningarinnar. Bóka skal tilnefningarnar í fundargerð aðalfundarins. Einnig skal gefa nýjum heiðursfélögum orðið óski þeir eftir því

Fara yfir fréttir af heiðursfélögum s.s. minnst látinna félaga eða aðrar fréttir sem við eiga hverju sinni.

## Utanhald á heiðurfélögum:

Haldið skal utan um heiðursfélaga á aðgengilegu svæði svo sem vef félagsins. Þar skal koma fram að minnsta kosti nafn heiðursfélaga, rökstuðningur tilnefningar ásamt yfirliti yfir störf viðkomandi og hvenær viðkomandi er tilnefndur heiðursfélagi.

## Hlunnindi:

- Heiðursfélagar skulu merktir sérstaklega í félagaskrá.
- Heiðursfélagar eru sjálfkrafa ævilangir félagar í Ský og greiða ekki félagsgjald eftir tilnefningu.
- Heiðursfélagar njóta allra sömu réttinda og aðrir félagsmenn.
- Heiðursfélagar Ský eru boðnir amk. einu sinni á ári á stóran viðburð á vegum félagsins.

## Andlát:

Við andlát heiðursfélaga skal leita til þeirra innan félagsins sem best þekktu viðkomandi s.s. innan Öldungadeildarinnar og fá þá til að rita minningarorð um viðkomandi. Minningarorðin skulu birt á svæði félagsins um heiðursfélaga og þannig lokað hringnum um viðkomandi í skrá félagsins.

Heiðra skal viðkomandi á einhvern hátt s.s. með því að mæta í jarðarför eða senda minningarkort í nafni félagsins til eftirlifandi maka eða nánna ættingja.

*Ferli þetta var sett saman í janúar 2013, samþykkt af stjórn Ský þann 8. janúar og kynnt á aðalfundi í febrúar 2013. Hafðar voru til hliðsjónar reglur annarra félagasamtaka s.s. Verkfræðingafélags Íslands, Lögmannafélagsins, JCI og Viðskiptaráðs.*